Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um toll af «Haut Sauterne».— 13
Í þóknanlegu brjefi 28. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að 15. jan,
hjeraðslæknir á Ísafirði Þorvaldur Jónsson hafi borið sig upp undan því við yður, að samkvæmt reikningsúrskurði yðar hafi af 60 pottum af Haut Sauterne, sem hann fjekk frá Frakklandi 1887 og sem hann þá greiddi aðflutningsgjald af, 15 aura af potti hverjum eða alls 9 kr, ennfremur verið krafizt 30 aura af potti hverjum eða alls 18 kr., þar sem þjer hafið talið að vín þetta heyrði undir «önnur vínföng», sem greiða á 45 aura aðflutningsgjald af, af potti hverjum. Útaf þessu hefur hjeraðslæknirinn tekið fram, að ráðgjafabrjef 14. jan. 1881 muni að líkindum eiga að skilja svo, að þegar skýra á orðin «rauðvín» og «önnur vínföng» eigi ekki að taka tillit til litar vínsins heldur til efnis þess, hvort telja eigi vínið til heitra vína eða til venjulegra borðvína, þannig að tollurinn af öllum heitum vínum, jafnvel þótt þau sjeu rauð, eigi að vera 45 aurar, en aptur á móti eigi að greiða 15 aura toll af venjulegum borðvínum, enda þótt þau sjeu hvít. Samkvæmt þessu ætlar hann, að einungis eigi að greiða 15 aura toll af potti hverjum af Haut Sauterne, sem reyndar sje ekki rautt að lit, en að því er styrkleikann snertir sje ekki sterkara en venjuleg rauðvín, og þessvegna aldrei sje talið með heitum drykkjum. Þess vegna hefur hann beiðst þess, að 18 kr. þær, sem hann hefur greitt í viðbót í toll af ofannefndum vínpottum með þeim ummælum, að hann geymdi sjer allan rjett sinn í þessu efni, verði sjer endurborgaðar; en þyki landshöfðingjanum eigi ástæða til að verða við þessum tilmælum hans, biður hann málið borið undir úrskurð minn.

Þjer hafið, herra landshöfðingi, tekið það fram, að þjer verðið að halda fast við skoðun þá, sem legið hafi til grundvallar fyrir ofanumgetnum úrskurði yðar á tollreikningi Ísafjarðarsýslu 1887.

Jeg verð nú einnig að fallast á þessa skoðun yðar, þar sem jeg verð að vera yður samdóma um, að «Haut Sauterne» verði að teljast með «öðrum vínföngum», sem nefnd eru í lögum 7. nóvbr. 1879, en ekki með «rauðvínum». Með hinum síðarnefndu geta auðvitað ekki öll vín með rauðum lit talizt, sbr. ráðgjafabrjef 14. jan. 1881, en engin vín með öðrum lit geta það. Þess vegna verður úrskurður sá, sem þjer á sínum tíma hafið fellt í þessu máli, að standa óhaggaður.

Að endingu skal útaf þessu máli eptirtekt vakin á því, að í þýðingunni á nefndu ráðgjafabrjefi 14. jan. 1881 í Stjórnartíðindunum 1881, B. bls. 57 hefur orðið villa, þar sem í íslenzka textanum í skýringunni á orðinu »rauðvín» í 1. gr. í lögum 7. nóvbr. 1879, stendur, að *„ekki* skuli tekið tillit til litar víns þess, sem ræðir um», þar sem í frumritinu stendur, að *„eigi* skuli *eingöngu* tekið tillit til litarins».

Þetta læt jeg ekki hjá líða hjermeð þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

28. dag febrúarmán. 1890.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1890